



Starfsreglur Foreldrafélagsins í Austurkór

1.gr.

Félagið heitir Foreldrafélagið í Austurkór. Heimili þess og varnarþing er í Kópavogi.

2.gr.

Allir þeir sem eiga börn í leikskólanum Austurkór ásamt starfsfólki leikskólans hafa rétt á því að ganga í félagið.

3.gr.

Tilgangur félagsins er að stuðla að velferð barna og starfsfólks í Austurkór og styrkja samskipti foreldra/forráðamanna barnanna og starfsfólks.

4.gr.

Stjórn foreldrafélagsins og skoðunarmaður þess eru kosin ár hvert. Skál stjórnin skipuð alls sjö fulltrúum helst einum af hverju deildarstigi. Leitast skal við að leikskólinn eigi að minnsta kosti einn fulltrúa í stjórn. Fulltrúi leikskólans er þó ekki kjörgengur til formanns. Á fyrsta fundi vetrar skal stjórn skipta með sér verkum. Skipa skal formann, gjaldkera og ritara.

Stjórnarfundir skulu haldnir eigi sjaldnar en einu sinni á önn og skulu formaður og leikskólastjóri sjá um að ákveða og boða til þeirra.

5.gr.

Aðalfund félagsins skal boða að hausti ár hvert. Aðalfund skal boða með minnst einnar viku fyrirvara. Ef félagsmenn óska eftir fundi metur stjórn það í hvert sinn hvort tilefni sé til þess.

6.gr.

Félagsmenn greiði árgjald í tveimur greiðslum, á haustönn og vorönn. Eitt árgjald er greitt fyrir hvert barn. Árgjald er ákveðið á aðalfundi ár hvert.

7.gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til gjafakaupa fyrir leikskólann í samræmi við tilgang félagsins.

8.gr.

Starfsreglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi. Tillögur að breytingum á starfsreglum skulu berast stjórn skriflega í síðasta lagi 2 dögum fyrir auglýstan aðalfund og skulu þær bornar upp á aðalfundi. Meirihluti greiddra atkvæða mættra aðalfundarmanna nægir til breytinga á starfsreglum félagsins.